

Nd.

46. Frumvarp til laga

[43. mál]

um breyting á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106 löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Í stað „31. desember 1983“ í 13. gr. kemur: 31. desember 1985.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlengdur verði gildistími þeirra ákvæða laga um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins, er varða Sölustofnun lagmetis. Stjórn Sölustofnunar lagmetis telur mikilvægt, að stofnunin hafi áfram einkarétt til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd er aðalkaupandinn.

Með lögum nr. 51/1982 var gildistími I. kafla laganna framlengdur um eitt ár, frá 31. desember 1982 til 31. desember 1983.

Rök fyrir einkarétti eru m. a. þau að í löndum Austur-Evrópu, sem eru mikilvæg markaðssvæði fyrir íslenskt lagmeti, er hvarvetna einn kaupandi og því ekki um neina samkeppni að ræða kaupanda megin. Slíkur kaupandi væri því, ef ekki nyti við einkaréttar Sölustofnunar lagmetis, í aðstöðu til að fara milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað. Slík tilhögun yrði íslenskum seljendum í óhag. Rétt þykir að bregðast við þessu með áframhaldandi einkarétti og jafna þar með samningsaðstöðuna.

Er því í frumvarpinu lagt til, að I. kafli laga nr. 58/1981, þ. e. greinar 1.—8. að báðum meðtöldum, falli ekki úr gildi fyrr en 31. desember 1985. En rétt þykir, að einkarétturinn verði bundinn sömu skilyrðum og áður, og að því tilskyldu, að starf stofnunarinnar verði áfram háð reglum 1.—8. gr. framangreindra laga nr. 58/1981.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.: Greinarnar þarfnast ekki skýringa.